

# LOTUS 88:

**Árgerð** : 1981.  
**Lið** : Essex Lotus.  
**Hönnuður** : Colin Chapman.

Frá árinu 1981 hafði FIA bannað hreyfanlegar svuntur (skirts) neðan úr hliðum keppnisbílanna og hafði það í för með sér verulega minnkun á botnvirkni/niðurtogi bílanna (ground effect). Fastar svuntur í 60 mm hæð var eini kosturinn. Þar sem þetta hafði í för með sér minnkun á hraða í beygjum þá voru liðin á höttunum eftir einhverju sem gæti komið í staðinn og einnig í leit að nýjum búnaði sem mótleik við þessar reglubreytingar.



Eftir að síðasta tilraun til að lagfæra 80 gerðina mistókst var hinn byltingarkendi Lotus 78 tekinn að nýju í notkun til að ljúka keppnistímabilinu 1979. Lotus 80 gerðin gat myndað mjög góða botnvirkni en galli var á að bíllinn varð óstöðugur vegna þess hve þessi botnvirkni var næm fyrir öllum hreyfingum bílsins svo sem þegar hemlað var, hraðaaukning og í beygjum.

Galdurinn var að halda sömu keyrsluhæðinni út alla brautina. Á þessum tíma var það einungis hægt með því að setja mjög stífa gorma í fjöðrunarkerfið, sem aftur á móti gerði það að verkum að bíllinn varð næstum ókeyrandi. Þetta var einna líkast því og bíllinn væri með enga fjöðrun.

Stjórnandi Lotus og hönnuður Colin Chapman, þá þegar orðin nokkurskonar goðsögn í lifanda lífi, trúði að lausnin væri að skilja að krafta loftaflsins og fjöðrunarinnar sem komu á bítgrindina. Þess vegna var Lotus 88 smíðaður. Þar sem varlega var farið í kringum reglurnar án þess þó að hann yrði ólöglegur. Keppnisbíll þessi var byggður á tveim grindum!

Í meginatriðum var bíllinn byggður þannig að efri grindinn sem samanstóð af loftaflsfræðilega hannaðri yfirbyggingu, hliðarbelgjum, svuntum og vængjum. Neðri grindin bar uppi hjólin, kæligöng og vélina. Efri grindin sem liggur innar en sú neðri var með tiltölulega mjúkt fjöðrunarkerfi, sem bauð upp á mjög svo þægilega aðstöðu fyrir ökuþórinn þar sem hann fann ekki fyrir neinum hörðum höggum frá ójöfnum á brautinni. Neðri grindin, þó hún væri léttari, þurfti að taka við hinum loftaflslega niðurkrafti frá efri grindinni, var haldið uppi af sérlega stífum gorma og höggdeyfabúnaði.



Billinn birtist fyrst á Long Beach og var úrskurðaður ólöglegur og svartflaggaður úr keppni í miðri laugardagsæfingunni. Í raun furðulegt þar sem nákvæm athugun hafði leitt í ljós að billinn var löglegur. Keppinautarnir höfðu mótmælt og örlög þessa bíls voru þau að hann myndi aldrei keppa í Grand Prix.



FIA staðhæfði að neðri grindin hefði hreyfanlegan loftaflsfræðilegan búnað (efri grindina) sem tengdist við hana. Þannig búnaður, eins og t.d. mjög háir vængir sem fest var á bílana, hafði verið bannaður til að auka öryggi í GP.

Þrátt fyrir hörð mótmæli Lotus keppti þessi bíll aldrei í GP Formúlu 1 keppni.

*Á þessum tíma spurði blaðamaður Grand Prix International, Mike Doodson annan af ökuþórum Lotus 1981 Elio De Angelis (Ásamt Nigel Mansell) þessarar spurningar.*

*“Nú hefur þú ekið hinum leyndardómsfulla nýja Lotus, hvernig lýst þér á möguleika hans í ár?”*

*Angelis svarar: “Til að vera fullkomlega hreinskilin við þig þá virkar billinn ekki ennþá. En ég er vongladur um að hann muni taka miklum framförum eftir að við höfum unnið þróunarvinnu við hann.”*



Eftir bannið á Long Beach hótaði Colin Chapman að draga Lotus út úr Formúlu 1 og sleit öllum samskiptum við hið nýja San Marino Grand Prix á Imola. Þegar hin liðin mættu til leiks í fyrstu GP keppninni á Imola, þá vantaði eitt af stærstu nöfnunum í þessu sporti.

Hið goðsagnakennda *LOTUS*.

Seinna fór Chapman með þennan bíl á keppnirnar í Brasilíu og Argentínu aðeins til að fá hann bannaðan á ný. Chapman

reifst og skammaðist við reglugerðarmenn og vildi meina að þeir væru að setja mönnum stólin fyrir dyrnar með því að vera á móti þróun bílanna sem væri þó meginmarkmið þessa sports. Vegna þess var hann sektaður um \$ 100,000 sem seinna var hætt við vegna þrýstings frá hinum sömu liðum og höfðu mótmælt lögmati bílsins í byrjun.

Þannig gerðist það. Árið 1981 á San Marino GP var það í fyrsta skipti að Lotus bílarnir voru ekki á ráslínu síðan í Monaco 1958. Rúmu ári síðar dó Chapman úr hjartaslagi. Því er almennt trúað að eftir þessa 88gerð að reisin Lotus yrði aldrei sú sama og áður.

Höf. Steven De Groote

Þýtt og endursagt Finnur Kr.

### **Snillingurinn Colin Chapman (1928 – 1982)**

Þjóðsagnakenndur hönnuður sem leiddi eigið Lotus – lið til sigurs. Chapman var flugmaður og aðlagði flugtækni að kappakstri sem færði honum marga sigra. Eftir því sem reglugerðir tóku fyrir uppfinningar hans, missti hann áhugann á Formúlu 1.